

Fimmtudaginn 11. desember 1997.

Nr. 64/1997.

Rafn Harðarson

(Atli Gíslason hrl.)

gegn

Samskipum hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Vinnuslys. Skaðabætur. Örorka. Líkamstjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1997 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.488.905 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. september 1992 til 12. júní 1995, en dráttarvöxtum samkvæmt sömu lögum frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var áfrýjandi starfsmaður stefnda og meiddist, er hann var að vinna við vörulyftara í eigu stefnda 7. september 1992. Samkvæmt vottorði Magnúsar Páls Albertssonar, lækni á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, kom áfrýjandi á deildina klukkan 8.46 þennan dag og kvaðst nokkru fyrir komu hafa verið í vinnu sinni hjá stefnda og var „að opna vélarhlíf, er honum fannst hæ. þumall fara úr liði um hnúaliðinn“. Verður að leggja til grundvallar dómi í málinu, að sú varanlega örorka, sem áfrýjandi krefst bóta fyrir, hafi hlotist af slysi í tengslum við vinnu hans við vörulyftarann umrætt sinn.

Eftir áðurgreindu læknisvottorði fékk áfrýjandi gifsspélku um fingurinn að morgni slysdags og kom aftur á deildina til skoðunar 15. september 1992. Var honum þá ráðlagt að gangast undir aðgerð í því skyni að gera hnúalið hægri þumals að staurlið. Það var gert 27. nóvember sama árs, og hafði áfrýjandi gifsspélku á þumalfingri til 9.

febrúar 1993. Í vottorðinu kemur fram, að hann hóf léttu vinnu um miðjan mars 1993.

Ekki nýtur við öruggra upplýsinga um, hvenær áfrýjandi hóf störf aftur, eftir að hann kom úr fyrstu lækni meðferð 7. september 1992, en hann kvaðst hafa verið óvinnufær í um það bil tvær vikur eftir slysið. Einnig er óvíst, hvenær hann lýsti fyrst atvikum að slysinu fyrir verkstjóra stefnda og öðrum samstarfsmönnum, en ætla verður, að nánasta yfirmanni hans hljóti fljótlega að hafa verið eða átt að vera ljóst, að hann hafi verið í lækni meðferð, og hafi þá verið tilefni til að óska eftir rannsókn opinberra aðila. Þrátt fyrir það tilkynnti stefndi ekki lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins um slysið, svo sem skylt var eftir 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Var ekki hafist handa um rannsókn á atvikum fyrr en 22. desember 1993, er fulltrúi frá vinnueftirlitinu skoðaði vörulyftarann að beiðni áfrýjanda. Í janúar og febrúar 1994 tók lögreglan í Reykjavík skýrslur af áfrýjanda og tveimur yfirmönnum hans.

II.

Að tilhlutan Hæstaréttar var aflað nýrra gagna í málinu eftir uppsögu héraðsdóms, annars vegar framburðar áfrýjanda fyrir héraðsdómi 20. nóvember 1997 og hins vegar skoðunargerðar dómkvaddra manna, Ásgeirs Guðnasonar vélfræðings og Jan Jansen bifvéla-virkjameistara, 24. nóvember 1997. Auk vörulyftara þess, sem slysið varð við, skoðuðu þeir lyftara af svipaðri gerð. Hinn síðarnefndi er smíðaður 1992, og er vélarhlíf hans að sögn starfsmanna stefnda mun léttari. Verða nú rakin nokkur meginatriði skoðunargerðar hinna dómkvöddu manna, einkum þó lýsing á fyrrnefndum lyftara, sem nú er notaður á athafnasvæði stefnda í Vestmannaeyjum.

Það er stór vörulyftari af árgerðinni 1990, sérstaklega útbúinn til að lyfta vörugámum. Aftan við ökumannshúsið er vélarhlíf úr stáli, sem liggur eins og kassi yfir vélinni og er 170 × 110 × 61 cm að stærð. Lamir eru á aftanverðri vélarhlífinni. Er hún opnuð með því að taka undir hana að framan og lyfta henni. Er henni lyft þannig, að efri hluti hennar myndar um 80° horn við lyftarann. Vélarhlífir er þá komin í efstu stöðu, og halda tvær gasfylltar vökvadælur henni þar uppi.

Vökvadælurnar eru festar í eyru, 25 cm fyrir framan lamir vélarhlífarnnar, niður í grind við hliðina á vatnskassa vélarinnar. Í hinn endann eru dælurnar festar í efsta hluta vélarhlífarnnar, 65 cm frá gafli hennar. Vökvadælurnar eru 80 cm langar, þegar þær hafa verið dregnar út. Dælurnar leita ávallt í útdregna stöðu, sökum þess að þær eru fylltar gasi. Þegar vélarhlífinni er lyft, létta vökvadælurnar undir hana vegna gasþrýstingsins, og verður þá tiltölulega auðvelt að lyfta henni. Mældist 40 kg tog við að lyfta hlífinni frá neðstu stöðu um einn metra eða í um 30°. Eftir að hlífinni var lyft 45–50°, reyndist léttara að koma henni í efstu stöðu eða innan við eitt kg frá 50° að 80° horni. Svo sem fyrr segir, halda vökvadælurnar vélarhlífinni opinni í efstu stöðu við 80° horn.

Vegna þrýstings í dælunum þarf í upphafi talsvert átak til að leggja vélarhlífina niður. Helst hlífni uppi, þar til hún er komin niður í um 60° horn, en ef henni er þá sleppt, sígur hún „ákveðið niður með jöfnum hraða, en skellur ekki“. Átak, sem þarf til að stöðva fall vélarhlífarnnar frá 59° horni, þar til hún er lárétt, mældist vera 3 til 4 kg. Skoðunarmenn aftengdu aðra vökvadæluna með vélarhlífina upprétta. Þrátt fyrir það hélst hún alveg opin.

Lyftarinn er búinn öryggisloku, sem er þannig gerð, að þegar vélarhlífni er komin í efstu stöðu, fellur öryggisslíður að tjakkstöng annarrar gasfylltu vökvadælnnar og varnar því, að dælan leggist saman. Matsmenn telja ókleift að setja öryggislokuna á, nema vélarhlífni sé í efstu stöðu, en þá fer lokan sjálfkrafa á. Vélarhlífni getur fallið niður 5 cm, þótt öryggislokan sé á tjakkstöng vökvadælnnar.

Öryggislokan á að vera laus og leggjast að tjakkstönginni af eigin þunga. Stöngin og öryggisslíðrið eru fest með bolta á sömu eyru. Ef boltinn er hertur of mikið, festist öryggisslíðrið og fellur ekki að tjakkstönginni af eigin þunga. Í slíkum tilvikum þarf maður að teygja sig undir vélarhlífina, eftir að hún er fullopnuð, og setja slíðrið á. Skoðunarmenn geta þess, að núverandi umsjónarmaður vöru-lyftarans í Vestmannaeyjum hafi hert festibolta tjakkstangar og slíðurs svo mikið, að það falli ekki af eigin þunga að stönginni, þegar vélarhlífni er í efstu stöðu. Að sögn hans hafi hann gert þetta til þess að þurfa síður að teygja sig undir vélarhlífina, þegar hann lokaði henni.

Í lok skoðunargerðar hinna dómkvöddu manna segir svo: „Eins

og búnaðurinn virkaði á báðum lyfturunum við skoðun, er algjörlega hættulaust að vinna við vélarhlífarnar og þessi búnaður því fullnægjandi sem öryggisbúnaður, ef pumpurnar eru í lagi. Ef pumpurnar eru í lagi, skiptir ekki máli, þó að öryggisslíðrið falli ekki á sinn stað, pumpurnar eiga að halda henni í opinni stöðu; slíðrið er fyrst og fremst til öryggis og einnig til að varna því, að til dæmis vindur geti skellt hlífinni niður“.

III.

Enginn sjónarvottur var að því, er áfrýjandi meiddist. Er hann þess vegna einn til frásagnar um atvikið. Í skýrslu sinni fyrir lögreglu 27. janúar 1994 tók áfrýjandi fram, að á vélarhlífinni hefðu verið tveir „glussatjakkar“, sem einir sér ættu að halda henni opinni. Síðan segir í skýrslu áfrýjanda: „Þegar þetta gerðist, þá hélt ég vélarlokinu uppi með hægri hendi, studdi við það, á meðan ég var að reyna að koma öryggislæsingunni fyrir með þeirri vinstri. Þá vissi ég ekki fyrr en tjakkarnir gáfu sig, þ. e. hættu að halda við, þannig að ég réð ekkert við lokið, sem féll niður.“ Áfrýjandi kvaðst þá hafa borið hægri hönd fyrir sig til að verja höfuðið. Hafi hann fengið áverkann af vélarhlífinni, þegar hún var á niðurleið. Af síðari framburði áfrýjanda virðist ljóst, að í lögregluskýrslunni hafi misritast hægri í stað vinstri hendi, sem áfrýjandi notaði til að halda vélarhlífinni uppi.

Þegar áfrýjandi kom fyrir dóm 12. nóvember 1996, lýsti hann atvikum nokkuð á aðra lund. Í upphafi skýrslu sinnar þar kvað hann öryggislokuna hafa brugðist, er hann var að lyfta vélarhlífinni upp, og hún því fallið niður. Áfrýjandi bar einnig, að vökvadælurnar hefðu verið svo slitnar, að þær hefðu ekki gert sitt gagn. Hefðu þær ekki haldið lokinu, eins og til var ætlast.

Í framburði sínum fyrir dómi 20. nóvember 1997 skýrði áfrýjandi svo frá, að þegar vélarlokið sé komið upp í sína réttu stöðu, eigi öryggislokan að fara á aðra dæluna og læsa lokinu. Í umrætt sinn hafi hann lyft vélarhlífinni í efstu stöðu og þá séð, að öryggislokan fór ekki á. Hafi hann haldið hlífinni uppi með vinstri hendi og teygst sig undir vélarhlífina í því skyni að setja öryggislokuna á með þeirri hægri. Hafi hann þá orðið var við, að dælurnar hafi ekkert verið að hjálpa sér, eins og þær eigi að gera, „og það er eitthvað, sem svíkur

þarna, og ég finn það, að lokið er að koma ofan á hausinn á mér, og þá ber ég fyrir mig höndina“. Áfrýjandi kvaðst hafa borið hægri hönd yfir höfuðið og einungis fengið högg á fingurinn, en ekki annars staðar á líkamann. Vélarhlífín hafi farið hraðar niður en hún átti að gera, en hann hafi tekið af henni mesta fallið.

Lýsing áfrýjanda fyrir lögreglu og dómi á aðdraganda og orsök slyssins er ekki ljós, og í framburði hans gætir nokkurra mótsagna um einstök atriði, sem ekki þykir ástæða til að rekja. Hins vegar hefur hann ekki hvikað frá því, að vélarhlífín hafi lent á hendi sér, vegna þess að búnaður hennar hafi verið í ólagi.

IV.

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til lögmanns áfrýjanda 28. desember 1993 er því lýst, að tæknifulltrúi hjá eftirlitinu skoðaði vörulyftarann 22. sama mánaðar. Er meginefni bréfsins rakið orðrétt í héraðsdómi. Segir þar, að vökvadælnar tvær, sem eiga að léttu á vélarhlífinni, þegar hún er opnuð, og halda henni í opinni stöðu, séu í lagi svo og öryggi á vélarhlífinni. Þar kemur enn fremur fram, að eftir þessa skoðun hafi vinnueftirlitið gert kröfu um, að sterkari dælur yrðu settar á vélarlokið. Verkstjóri á vélaverkstæði stefnda, sem annaðist viðhald á lyftaranum, gat þess fyrir dómi, að síðar hefði verið skipt um vökvadælur vegna þessara fyrirmæla Vinnueftirlits ríkisins. Var því verki löngu lokið, þegar dómkvaddir menn skoðuðu vörulyftarann í nóvember 1997. Sem fyrr segir, var niðurstaða þeirra sú, að algerlega væri hættulaust að vinna við vélarhlífina, ef vökvadælur hennar væru í lagi.

Meira en ár var liðið frá slysinu, þegar vinnueftirlitið skoðaði lyftarann. Ef stefndi hefði gætt lagaskyldu um að hlutast til um rannsókn á slysinu án ástæðulausrar tafar, verður að telja, að unnt hefði verið að staðreyna, hvort vökvadælur og annar öryggisbúnaður lyftarans var fullnægjandi, eins og hann heldur fram. Ekki er loku fyrir það skotið, að dælunum hafi verið að einhverju leyti áfátt, þegar slysið varð, þótt það hafi ekki komið fram við skoðun vinnueftirlits rúmu ári síðar. Ber hér og að hafa í huga, að áfrýjandi og samverkamaður hans hafa borið, að búnaður vélarhlífarinnar hafi í einstökum tilvikum gefið sig fyrir slysið.

Þegar þessa er gætt og þeirrar niðurstöðu skoðunarmanna, að

hættulaust sé að vinna við vélarhlífina, ef vökvadælur hennar eru í lagi, þykir mega leggja til grundvallar framburð áfrýjanda um, að slysið verði rakið til vanbúnaðar öryggistækja á vélarloki lyftarans. Ekki er leitt í ljós, að gáleysi áfrýjanda verði að einhverju leyti kennt um slysið. Ber stefndi því óskerta skaðabótaábyrgð á því.

V.

Í héraðsdómi er greint frá mati lækna á örorku áfrýjanda. Jónas Hallgrímsson læknir mat 16. október 1994, að varanleg læknisfræðileg örorka áfrýjanda vegna slyssins væri 10%. Dómkvaddir matsmenn, læknarnir Atli Þór Ólason og Sigurður Thorlacius, komust að sömu niðurstöðu í matsgerð 24. júní 1996. Í henni segir frá því, að áfrýjandi hafi hlotið áverka á hægri þumalfingur árið 1977 eða 1978. Telja matsmenn og Jónas Hallgrímsson, að áfrýjandi hafi hlotið 5% varanlega læknisfræðilega örorku af völdum þess.

Í matsgerð lýsa hinir dómkvöddu menn slysinu 7. september 1992 og sjúkrasögu áfrýjanda frá þeim degi til miðs marsmánaðar 1993, en þá hóf hann léttari störf hjá stefnda en hann hafði unnið fyrir slysið. Matsmenn hafa eftir áfrýjanda, að nú starfi hann við akstur bifreiða hjá stefnda, og hafi tekjur sínar minnkað nokkuð, frá því að hann vann við vörulyftarann, sem slysið varð við. Þá segist áfrýjandi hafa að mestu lagt af lyftingar og vélhjólaakstur, er hafi verið áhugamál hans, áður en hann meiddist. Við skoðun hjá matsmönnum kvartaði áfrýjandi um nokkur og stundum stöðug óþægindi í hægri þumalfingri, einkum við grunnlið og söðullið, svo og minnkaða hreyfingu í endalið og í þumalfingrinum sem heild. Hann kvaðst vera mjög viðkvæmur í fingrinum fyrir höggum og hnjaski. Einnig sagðist hann vera kulvís, en finna ekki fyrir sérstökum dofa.

Matsmenn telja varanlegar afleiðingar slyssins 7. september 1992 vera „tognun á söðullið hægri handar, viðbótartognun og endurtekkið liðhlaup í grunnlið hægri þumalfingurs, sem leiddi til staurliðsaðgerðar, auk þess er hreyfiskerðing í endalið hægri þumalfingurs tengd slysinu“. Eins og fyrr segir, er samhljóða álit hinna þriggja lækna, að varanleg læknisfræðileg örorka áfrýjanda vegna slyssins sé 10%.

Í samræmi við venju verður um verðmæti tapaðra framtíðartekna vegna örorku áfrýjanda litið til læknisfræðilegrar örorku og lagt til

grundvallar, að hundraðshluti tekjutaps sé hinn sami og þannig ákveðið örorkustig, enda hafa ekki komið fram sérstök rök til að víkja frá þeirri aðferð í þessu máli.

VI.

Áfrýjandi sundurliðar dómkröfur sínar eins og greinir í héraðsdómi. Hann styður kröfu vegna varanlegrar örorku og tapaðra lífeyrisréttinda við útreikning tryggingafræðingsins Jóns Erlings Þorlákssonar frá 5. maí 1995. Telur tryggingafræðingurinn höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps áfrýjanda vegna varanlegrar örorku nema 3.205.200 krónum, en til grundvallar útreikningi leggur hann meðaltekjur iðnaðarmanna. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda áætla tryggingafræðingurinn 192.300 krónur. Krefst áfrýjandi þeirra fjárhæða auk miskabóta, að fjárhæð 400.000 krónur, en dregur meðal annars frá kröfu sinni örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins, 261.023 krónur, og greiðslu atvinnuslysatryggingar samkvæmt kjarsamningi, 343.846 krónur.

Pegar tekið er tillit til skattfrelsis bóta vegna tekjutaps út af varanlegri örorku og hagræðis áfrýjanda af eingreiðslu, þykja bætur fyrir tekjutapið hæfilega ákveðnar 2.400.000 krónur. Krafa um bætur vegna missis lífeyrisréttinda er tekin til greina með 192.300 krónum. Frá samtölu þeirra fjárhæða, 2.592.300 krónum, ber að draga bætur, sem áfrýjandi fékk eftir framansögðu greiddar frá öðrum, alls 604.869 krónur. Samkvæmt því ber stefnda að greiða áfrýjanda 1.987.431 krónu í bætur fyrir fjártjón vegna varanlegra afleiðinga slyssins. Miskabætur til handa áfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Tekið verður tillit til útlagðs kostnaðar við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 2.137.431 krónu með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá greiði stefndi jafnframt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samskip hf., greiði áfrýjanda, Rafni Harðarsyni, 2.137.431 krónu með ársvöxtum af þeirri fjárhæð sem hér segir: 0,9% frá 7. september 1992 til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim

degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama árs, 1% frá þeim degi til 21. mars sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995, en 0,6% frá þeim degi til 12. júní sama árs. Frá þeim degi greiði stefndi dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. desember 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 6. janúar 1996, og dómtekið 12. f. m. Stefndi er Rafn Harðarson, kt. 180966-4049, Asparfelli 10, Reykjavík. Stefndi er Samskip hf., kt. 440986-1539, Holtabakka við Holtaveg, Reykjavík, og réttargæslustefndi Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Aðalkrafa stefnanda er um greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 5.000.000 krónur, með dráttarvöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. júní 1995 til greiðsludags. Til vara krefst stefndi þess, að stefnda verði gert að greiða sér 2.488.905 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 7. september 1992 til 12. júní 1995, en frá þeim degi með dráttarvöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Þá krefst stefndi málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

2. Hinn 7. september 1992 varð stefndi fyrir slysi við vinnu sína hjá stefnda. Hann stjórnaði Lancing-vörulyftara og hafði gegnt því starfi í um tvö ár, er það atvik varð, sem um ræðir í málinu, en stefndi var þá að opna vélarlok lyftarans til að athuga vatn og mæla olíu, eins og ávallt var gert við upphaf vinnudags. Lokið mun vera um tveggja metra langt og rúm 200 kg að þyngd. Til að auðvelda opnun vélarlóksins eru tvær glussapumpur sín hvorum megin. Þegar þær eru komnar í lóðréttu stöðu, eiga þær að halda lokinu uppi. Öryggisútbúnaður er þannig, að þegar lokið er fullopn-

að, fellur þungt járnstykki, e. k. klof eða slíður, sjálfvirkir yfir enda annarrar pumpunnar og læsir henni í lóðréttri stöðu. Stefnandi kveður öryggishlífinu ekki hafa verkað umrætt sinn. Hann hafi haldið vélarlokinu uppi með hægri hendi og stutt við það, meðan hann reyndi að koma læsingunni fyrir með hinni vinstri. Hafi þá vélarlokið fallið viðstöðulaust niður og lent á hægri hendi sér, sem hann hefði borið fyrir höfuð sér. Sjónarvottar voru engir, og Vinnueftirliti ríkisins eða lögreglu var ekki gert viðvart.

Í vottorði Magnúsar Páls Albertssonar lækni, dags. 1. júní 1994, segir að stefnandi hafi leitað á slysadeild Borgarspítala kl. 8.40 7. september 1992. Hafi sér fundist hægri þumall fara úr liði um hnúalið við framangreint atvik, fundist fingurinn smella aftur í liðinn, en þó leitað á slysadeild vegna verkja. Röntgenmynd hafi ekki sýnt beináverka og stefnandi fengið gífurlegu. Læknir hafi séð stefnanda við endurkomu 15. september. Þá hafi komið fram, að stefnandi hafi oft áður farið úr liði á sama stað, þ. e. hnúalið hægri þumals, og rekti það til áverka, sem hann hafi orðið fyrir um ellefu ára aldur. Hann hafi um nokkurn tíma haft óþægindi frá liðnum og lítið getað beitt fingrinum við vinnu vegna þess. Þá segir: „Vegna þessara gömlu óþæginda var Rafni ráðlagt að láta gera aðgerð á hnúalið hæ. þumals, þar sem liðurinn væri gerður að staurlið. Var sú aðgerð gerð 27/11 '92 og Rafn meðhöndlaður með gífurlegu á þumal fram til 9/2 '93.“ Stefnandi var frá vinnu í u. þ. b. tvær vikur eftir slysið, en hóf þá létt störf að nýju hjá stefnda. Hann var síðan óvinnufær eftir staurliðsaðgerðina. Í stefnu segir, að hann hafi hafið aftur störf í janúar 1993, en geti þó aðeins sinnt mun léttari og verr launuðum störfum en áður. Í framangreindu læknavottorði segir: „Gengur honum ágætlega að vinna með hendinni nú, en finnur þó fyrir kulvísi og eymslum við átök svarandi til hnúaliðar.“

Með bréfum lögmanns stefnanda, dags. 15. desember 1993, var óskað rannsóknar af hálfu Vinnueftirlits ríkisins og lögreglunnar í Reykjavík. Hinn 22. desember 1993 fór fram á vegum vinnueftirlitsins skoðun á „lyftara í eigu Samskipa hf., einkennisnúmer SK 12, skráningarnúmer Vinnueftirlits ríkisins KG 0021“. Um skoðunina segir í skýrslu, dags. 28. desember 1993: „Á vélarloki lyftarans eru tvær pumpur, sem eiga að létta á lokinu, þegar það er opnað, og halda því í opinni stöðu. Auk þess er öryggi á lokinu til að koma í veg fyrir, að það falli niður, ef pumpurnar gefa sig. Pumpur og öryggi voru í lagi. Halda þarf undir lokið um hálfa leið upp, annars fellur það niður aftur. Við samanburð á nýrri lyftara er lokið á KG 0021 mun þyngra, og var því gerð krafa, að sterkari pumpur yrðu settar á vélarlokið.“ Í samræmi við kröfu vinnueftirlitsins var skipt um pumpur og settar nýjar frá framleiðanda lyftarans af sömu gerð og fyrir voru. Upplýst var

undir rekstri málsins, að umræddur Lancing-vörulyftari væri af árgerð 1990, og hefði annar slíkur verið í notkun hjá stefnda. Að auki hefðu verið þar tveir nýrri vörulyftarar með öflugri glussapumpum eða/og léttari vélarlökum, svo að auðveldara er að opna vélarrými þeirra. Í upphafi skýrslu, sem stefnandi gaf hjá lögreglu 27. janúar 1994, segir: „Ástæðan fyrir því, að ekki var kallað á lögreglu og vinnueftirlit, þegar ég lenti í þessu slysi, var sú, að ekki var talið, að um alvarlegt slys væri að ræða, eins og síðar kom í ljós. Hvorki ég né aðrir gerðum ráðstafanir til þess að fá framangreinda aðila á vettvang vegna þessa.“

Hinn 23. nóvember 1993 mat Jónas Hallgrímsson læknir stefnanda 15% varanlega örorku vegna óhappsins auk tímabundinnar örorku í tvo mánuði. Hinn 16. október 1994 lækkaði Jónas Hallgrímsson læknir fyrra mat sitt á varanlegri örorku stefnanda af völdum slyssins úr 15% í 10%, með því að ætla mætti, að 5% af heildarörorkunni stöfuðu af eldri áverkum á þumal-fingursliðinn. Hinn 14. maí 1996 voru lækarnir Atli Þór Ólason og Sigurður Thorlacius dómkvaddir til að meta, „1., hver sé tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka Rafns Harðarsonar af völdum slyss hans 7. sept. 1992 eingöngu, metið í hundraðshlutum, 2. hver verið hafi læknisfræðileg örorka Rafns Harðarsonar fyrir slysið 7. sept. 1992 af völdum sjúkdóma eða fyrri áverka, metið í hundraðshlutum.“ Niðurstaða matsmannanna samkvæmt mati, dags. 24. júní 1996, er sú um 1. matslið, að varanleg læknisfræðileg örorka sé 10%, en tímabundin læknisfræðileg örorka 100% í 4½ mánuð, og um 2. matslið er niðurstaðan 5%.

5. maí 1995 reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur út tjón stefnanda vegna örorku samkvæmt mati Jónasar Hallgrímssonar frá 16. október 1994. Með hliðsjón af aldri stefnanda var miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna. Reiknaðist höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi: vegna tímabundinnar örorku 247.400 krónur og vegna varanlegrar örorku 3.205.200 krónur. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins var áætlað 192.300 krónur. Við útreikning höfuðstólsverðmætis voru fram að útreikningsdegi notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands, en eftir útreikningsdag 4,5% vextir og vaxtavextir. Að ósk lögmanns stefnanda reiknaði tryggingafræðingurinn út skatthlutfall af viðmiðunartekjum, og reyndist það vera 23,96%.

3. Skaðabótakrafa stefnanda er á því reist, að um hafi verið að ræða bóta-skylt vinnuslys. Orsaka slyssins sé einungis að leita í ófullnægjandi vinnu-aðstöðu, ófullnægjandi aðbúnaði á vinnustað og vanbúnaði við það tæki, er stefnandi vann við. Fyrir liggur, að pumpur, sem halda áttu vélarloki lyftarans uppi, voru ekki nógu sterkar og að öryggi, sem koma átti í veg fyrir, að

vélarlokið félli niður, ef pumpurnar biluðu, verkaði ekki. Var þessi búnaður ófullnægjandi og ekki í samræmi við búnað sambærilegra lyftara. Gerð var krafa af vinnueftirliti um úrbætur. Áður höfðu starfsmenn krafist úrbóta. Stefnandi laut verkstjórn og fór í öllu eftir ríkjandi hefðum og beinum fyrirmælum yfirmanna sinna. Er áhættan af slysinu því öll á höndum stefnda, ekki síst með tilliti til þess, að margsinnis hafði verið bent á vanbúnað á tæki því, er slysinu olli. Þar sem stefndi vanrækti að tilkynna slysið vinnueftirliti og lögreglu, verður að telja, að hann beri allan halla af sönnunar-skorti í málinu. Er því haldið fram, að þessi vanræksla stofni ein sér skaðabótaskyldu. Engin gögn hafa komið fram, sem benda til annars en vanbúnaðar á pumpum og öryggislokum hafi valdið slysinu.

Um lagarök vísar stefnandi til almennu skaðabótareglunnar og þeirra reglna, er sérstaklega lúta að aukinni ábyrgð vinnuveitanda vegna ófullnægjandi tækja og aðbúnaðar á vinnustað. Sérstaklega er vísað til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 4., 5., 6. og 7. gr., sbr. og reglur nr. 612/1989 um tilkynningu vinnuslysa. Jafnframt er á því byggt, að stefndi beri hallann af því, að ekki fór fram rannsókn á tildrögum og orsökum slyssins. Heldur stefnandi því fram, að stefndi sé skaðabótaskyldur, nema fram komi ótvíræð sönnun um eigin sök stefnanda.

Aðalkrafa stefnanda miðast við áætlun.

Varakrafa stefnanda er að mestu reist á framangreindum tjónsútreikningi og sundurliðast þannig:

Varanleg örorka	kr. 3.205.200
Töpuð lífeyrisréttindi	– 192.300
Miski	– 400.000
	– 3.797.500
Frádráttur vegna skatthagræðis og eingreiðslu, 23,96% af 3.205.200	– (767.966)
	– 3.029.534
Frádráttur vegna eingreiðslu örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins	– (261.023)
Frádráttur vegna greiðslu atvinnuslysaftryggingar skv. kjarasamningi	– (343.846)
Útlagður kostnaður:	
Læknisvottorð	– 10.345

Örorkumat	kr.	26.900
Tjónsútreikningur	–	18.675
Kostn. v/slysadeildar	–	4.500
Ljósrit	–	3.820
	–	64.240
Samtals	kr.	2.488.905

4. Sýknukrafa stefnda er studd því, að hann eigi enga sök á slysi stefnanda. Búnaður lyftarans hafi á engan hátt verið saknæmur í lagaskilningi. Þá sé ósannað, að nokkur ákvæði laga eða reglugerða um aðbúnað og öryggi vinnustaða, véla eða tækja hafi verið brotin og að rekja megi fingurmeiðsl stefnanda til þess. Tilvísun stefnanda til laga nr. 46/1980 sé því út í hött. Rangt og ósannað sé, að vélarlokspumpur lyftarans hafi verið vanbúnar og öryggi vélarloks ekki verkað. Hvort tveggja hafi verið í lagi og í fullu samræmi við búnað sams konar lyftara og valdi ekki saknæmi, þótt aðrar og nýrri tegundir lyftara hafi léttari lyftaralok, og hafi kröfur Vinnueftirlits ríkisins eingöngu verið til frekara öryggis.

Þeirri staðhæfingu stefnanda er mótmælt, að það eitt valdi stefnda skaðabótaskyldu, að slysið hafi ekki verið tilkynnt lögreglu og vinnueftirliti, enda hafi meiðsl stefnanda ekki verið talin alvarleg.

Eins og pumpur vélarloksins voru úr garði gerðar, sbr. umsögn vinnueftirlitsins, hefur óhappið ekki getað orðið á annan hátt en þann, að stefnandi hafi misst vald eða tak á vélarlokinu, áður en það var komið yfir hálfa leið upp, og það því fallið niður aftur. Þar sé ekki öðru um að kenna en óhappatilviljun og óaðgæslu stefnanda sjálfs, sem hafi verið vanur lyftara-stjóri og þaukunnugur búnaði vélarloksins.

Verði ekki fallist á framangreint, er varakrafa reist á því, að slysið verði að stærstum hluta rakið til eigin sakar stefnanda sjálfs og óhappatilviljunar, jafnframt því sem stefnukröfur beri að stórlækka.

5. Stefnandi bar fyrir dóminum, að hann teldi öryggislokann vera orsök þess, hvernig fór umrætt sinn, en ekki pumpurnar sem slíkar. Það hafi ekki komið fyrir áður, að hann hafi sviðið á þennan hátt. Eðlilegra skýringa gæti verið að leita í stirðleika, vegna þess að kalt hafi verið í veðri. Pumpurnar hafi ekki verið öðruvísi en þær hefðu áður verið. Þær hafi verið slitnar og versnað sífellt, þannig að tími hafi verið kominn til að endurnýja þær. Yfir þessu hafi hann verið búinn að kvarta við Sigurjón Sigurðsson, verkstjóra á vélaverkstæði stefnda. Hann kvaðst hafa sótt námskeið og haft full réttindi sem stjórnandi vöru lyftarans.

Guðni Þórarinnsson tók við af stefnanda sem stjórnandi umrædds vöru-

lyftara. Hann staðfesti fyrir dóminum fram lagða skýrslu sína, þar sem segir: „... Á pumpunum var öryggi eða loki, sem átti að varna því, að lokið félli niður, þegar það var komið í upprétta stöðu. Fyrir kom, að þessi stopp-ari féll ekki hjálparlaust á sinn stað, eins og hann átti að gera. Varð þá að setja hann handvirkt á og halda lokinu uppi á meðan. Það var erfitt í framkvæmd og hætta á, að lokið félli niður, og gerðist það í einhver skipti, að vélarlokið féll mótstöðulaust niður, þar sem pumpurnar héldu ekki á móti. Ég gerði athugasemdir við þennan vanbúnað við verkstæðisformann, en fullnægjandi úrbætur áttu sér ekki stað ...“ Aðspurður skýrði hann svo frá, að hefði lokinu verið sleppt, þegar það var nærri því að mynda 90° horn við vélina, hefði það sigið rólega niður og ætti væntanlega að gera það.

Vitnið Sigurjón Sigurðsson kvaðst hafa verið verkstjóri á vélaverkstæði stefnda undanfarin sex ár. Hann kvað verkstæðið yfirleitt hafa unnið viðgerðir í beinu framhaldi af kvörtunum. Hann mundi ekki eftir neinum kvörtunum út af búnaði umrædds lyftara. Fulltrúar Vinnueftirlits ríkisins hefðu komið á hverju hausti, en ekki gert athugasemdir við lyftarann eða búnað hans fyrr en í það sinn, er áður getur.

Öryggistrúnaðarmaður var á vinnustað stefnanda, og verður að öðru leyti ekki talið upplýst um brot stefnda á II. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum.

Umræddur vörulyftari var í notkun, án þess að nokkuð væri gert við hann, frá því er stefnandi slasaðist og þar til skipt var um glussapumpurnar 15 – 16 mánuðum síðar, sbr. framangreinda skýrslu Vinnueftirlits ríkisins. Samkvæmt þeirri skýrslu og framburði fyrir dóminum er ósannað, að slysið verði rakið til galla eða bilunar á búnaði vörulyftarans. Um þá sönnunarfærslu þykir ekki koma að sök, eins og hér háttar, vanræksla stefnda á að tilkynna um slysið, sbr. reglur nr. 612/1989. Þá ber að líta til þess, að í upphafi var ekki ljóst um meiðsl stefnanda.

Hér verður vitnað til lýsingar í skýrslu vinnueftirlitsins þess efnis, að „halda þarf undir lokið um hálfa leið upp, annars fellur það niður aftur“. Þá er vísað til þess, sem fram er komið um starfsreynslu stefnanda. Að því leyti, sem slysið kann að verða rakið til slits á glussapumpum, er fram komið, að stefnanda var um það kunnugt.

Niðurstaða málsins er sú, að slys stefnanda verði ekki rakið til neinna atvika, sem leiði til bótaábyrgðar stefnda, heldur hafi það orðið fyrir óhappatilviljun eða óaðgæslu stefnanda. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari.

3662

D ó m s o r ð:

Stefndi, Samskip hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Rafns Harðarsonar.

Málskostnaður fellur niður.
